

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um hlutfall fjarvista vegna veikinda á leikskólum

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 12. júní 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sósíalístaflokks Íslands:

Á fundi skóla- og frístundaráðs 22. maí sl. var kynnt staða innritunar á leikskóla í Reykjavík. Í þeirri kynningu kom m.a. fram að veikindum hafi fækkað á þeim leikskólum þar sem aðbúnaður hafi verið bættur. Þar má nefna umbætur eins og lýsingu, hljóðvist og loftgæði. Hvernig hefur hlutfall veikindafjarvista þróast í þeim leikskólum þar sem slíkar endurbætur hafa átt sér stað? Hversu margt starfsfólk starfar á þeim leikskólum sem um ræðir? Ef hlutfallið hefur lækkað, hve mikið fé hefur sparast vegna þess?

Svar

Í kynningunni sem fram fór í skóla- og frístundaráði þann 22. maí sl. kom fram að veikindahlutfall hafi lækkað í einum leikskóla borgarinnar þar sem höfðu farið fram gagngerar endurbætur á innivist. Ekki er unnt að fullyrða eða leggja fram dæmi um að endurbætur á innivist hafi mælanleg áhrif á veikindahlutfall starfsfólks í leikskólum til lækkunar þar sem of fá dæmi eru um leikskóla þar sem allsherjar endurbætur hafa átt sér stað og ekki er liðinn nægilega langur tími frá endurbótum svo hægt sé að mæla mun á veikindahlutfalli. Hins vegar eru vísbendingar um að bætt hljóðvist, lýsing og loftgæði hafi góð áhrif á starfsánægju og líðan starfsfólks. Verður fylgst sérstaklega með leikskólum þar sem slíkar endurbætur hafa átt sér stað með tilliti til veikindahlutfalls starfsfólks og starfsánægju.